

# STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1994

---

---

29. apríl 1994

641

Nr. 222

## REGLUGERÐ um bann við togveiðum á Selvogsbanka.

### 1. gr.

Frá og með 3. maí 1994 til og með 10. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

- |                        |                      |
|------------------------|----------------------|
| 1. 63°32,5'N - 21°55'V | 5. 63°14'N - 20°56'V |
| 2. 63°30'N - 21°30'V   | 6. 63°14'N - 22°00'V |
| 3. 63°25'N - 21°30'V   | 7. 63°24'N - 22°00'V |
| 4. 63°21'N - 20°48'V   |                      |

### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

29. apríl 1994

Nr. 223

## VIÐAUKI við reglugerð nr. 274, 28. júní 1993, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.

### 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er bátum er leyfi hafa til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi heimilt að stunda rækjuveiðar til og með 4. maí.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1994.

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*